

Alþingi
Erindi nr. P 131/1734
komudagur 29.4.2005



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
V.t. Stefán Árni Auðólfsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 25. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 6. apríl 2005, þar sem óskað var eftir umsögn Íslandsbanka hf., vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum, sbr. þskj. 254, 243. mál, lagt fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

Íslandsbanki hf. styður þau sjónarmið sem fram koma í fyrrgreindu frumvarpi og tekur undir þau rök sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að ekki sé óvarlegt að ætla að þau gjöld sem nú eru innheimt af stofnendum hlutafélaga og einkahlutafélaga hafi fælt einhverja frá stofnun slíkra félaga. Því má ætla að lækkun umræddra gjalda muni auðvelda athafnafólki stofnun nýrra fyrirtækja og þannig auðvelda nýsköpunarstarf.

Virðingarfyllst,
f.h. Íslandsbanka hf.,



Grétar Hannesson, hdl.